

Fundargerð stjórnarfundar 20. september 2014, haldinn í Próunarsetrinu Skor, Patreksfirði, kl. 12.30 og í tölvufjarfundi. Mætt voru Albertína F. Elíasdóttir formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson (í tölvu), Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson.

Til fundarins var boðað með dagskrá sem send var út 18. september.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 15. júlí 2014

Lögð fram til staðfestingar fundargerð stjórnarfundar 15. júlí 2014, fundargerð hafði áður verið samþykkt í tölvupósti en er nú endanlega staðfest. Fundargerð samþykkt.

2. 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga

a. Ályktanir

Formaður lagði fram drög að tillögu um ályktanir Fjórðungsþings. Fjallað um efni tillögu og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að útfæra efni tillögunnar í ljósi umræðu á fundinum og senda að nýju út til stjórnar. Efni tillögunnar verði kynnt sveitarstjórnnum og kannað með aðrar tillögur að ályktunum af þeirra hálfu.

b. Framkvæmd þingsins og dagskrá.

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdaratriði þingsins.

Formaður kynnti tillögu að skipan formanna nefnda þingsins, tillagan samþykkt.

Lögð fram dagskrá þingsins, dagskráin hefur áður verið kynnt stjórn og send út 9. júlí sl. og staðfest á stjórnarfundi 15. júlí. Ekki hafa komið fram tillögur um annað efni þingsins og stjórn staðfestir dagskrá þingsins.

3. Vestfjarðavegur 60, svar Skipulagsstofnunar við erindi Vegagerðar 9. sept 2014

Lagður fram tölvupóstur frá Reykhólahreppi frá 12. september sl. þar sem kynnt er erindi Skipulagsstofnunar frá 9. september sl.: „Ákvörðun um tillögu að matsáætlun Vestfjarðavegar 60 milli Bjarkalundar og Melaness.“

Skipulagsstofnun er hér að svara erindi Vegagerðar frá 4. júlí sl. um tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg (60), á milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, með nýrri útfærslu veglína. Í svari Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin fellst ekki á tillögu Vegagerðar en setur jafnframt fram leiðbeiningar um málsmeðferð. Vegagerðin ákvað síðan þann 18. september sl. að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Fjallað um efni erindis Skipulagsstofnunar og viðbrögð Vegagerðar. Samþykkt eftirfarandi ályktun:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því til stjórnvalda að ljúka án frekari tafa undirbúningi og ákvarðanatöku, svo hægt sé að hefja lagningu nýs láglandisveggar um Gufudals sveit (Vestfjarðavegur 60). Stjórn Fjórðungssambandsins telur í þeim efnum, algjörlega óásættanlegt að teyja málið með því að kæra það til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þessi framkvæmd er grundvallaratriði fyrir öryggi vegfarenda og eflingu byggðar á Vestfjörðum og má ekki dragast meira en þegar er raunin.

Sú óvissa sem uppi hefur verið um framkvæmdina síðustu árin er óþolandi, rétt eins og sú staðreynd að Vestfirðingar njóta enn ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að byggðir séu tengdar saman og við hringveginn með nútímalegum heilsársvegum. Það er krafa Vestfirðinga að það muni ekki bitna á öðrum nauðsynlegum samgönguverkefnum á Vestfjörðum, ef verkefnið verður kostnaðarsamara en að hefur verið stefnt hingað til.

4. Fjarskiptamál.

a. Svör við ályktun FV frá 27. ágúst sl.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu fundi sem þau sátu með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþings, þann 15. sept. sl. og með innanríkisráðuneyti 17. sept. í framhaldi af ályktun stjórnar FV um hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Sérstök umræða var síðan um málið á Alþingi þann 15. september að beiðni Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, alþm. Í þeirri umræðu á Alþingi kynnti innanríkisráðherra þá ákvörðun sína að fjármunum Fjarskiptasjóðs á árinu 2014 verði varið til hringtengingu ljósleiðara. Á fundi með Innanríkisráðuneyti var kynnt að Fjarskiptasjóði hefði verið falið að undirbúa verkefnið, finna aukið fjármagn til þess í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki og aðra aðila. Miðað við að það hefjist á komandi sumri.

Stjórn FV lýsir ánægju með þennan áfanga sem nú hefur loks náðst og hvetur stjórnvöld til að ljúka hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði nú í eitt skipti fyrir öll.

b. Aðrir fundir

Kynntir fundir með forsvarsmönnum Mílu hf og Símanum hf sem haldnir voru að beiðni þessara aðila þann 4. september sl. Á þessum fundum var farið yfir atburðarás við bilun ljósleiðara við Krossholt á Barðaströnd þann 26. ágúst sl. og úrbætur sem gripið hefur verið til. Báðir þessir aðilar staðfestu að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði væri sú lausn sem vinna yrði að, til að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki og lýstu vilja til að koma þar að málum.

5. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis, 1. október 2014

Framkvæmdastjóri kynnti skipulag funda með þingmönnum NV kjördæmis í kjördæmavíku 29. sept – 3. okt. Í samráði við 1. þingmann kjördæmisins hefur verið ákveðið að fundur þingmanna með sveitarstjórn um Vestfjörðum verði haldinn á Reykhólum, kl. 14, þann 1. október n.k. í salarkynnum Bata- og hlunnindasýningar.

Formaður kynnti að hún hefði ekki tök á að sækja fundinn og mun varaformaður stýra fundinum í hennar stað.

Kynnt drög að greinargerð sem starfmenn FV hafa unnið um áhrif frumvarps til fjárlaga 2015. Efni greinargerðinnar verður lagt til grundvallar umfjöllunar FV á fundinum.

6. Önnur mál

Ómar Már Jónsson kynnti að hann hefði ekki tök á að sækja þingmannafund og myndi ekki geta setið 59. Fjórðungsþing. Þetta væri því hans síðasti fundur í stjórn FV og vildi hann þakka stjórn og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á síðustu árum. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þökkðu Ómari samstarfið og óskuðu honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.